

Nefndarsvið Alþingis
Bt. Stjórnskipunar og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. okt. 2015

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:


Frumvarp til laga um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra 18. mál

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Blaðamannafélag Íslands fagnar öllum breytingum á lögum sem stuðla að auknu gagnsæi og bættu upplýsingastreymi til almennings. Fyrirhugaðar breytingar samkvæmt frumvarpinu undirstrika nauðsyn vandaðrar upplýsingagjafar og styður Blaðamannafélag Íslands eindregið þær breytingar sem í frumvarpinu felast.

Virðingarfyllst,
f.h stjórnar BÍ



Hjálmar Jónsson, formaður BÍ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 - 108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH15U145.0018

Dags. 3.2.2016

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 18. mál á 145. löggjafarþingi
Upplýsinga- og sannleiksskylda ráðherra (rangar upplýsingar veittar á Alþingi)

Frumvarp til laga um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra

Frumvarp það sem hér til umsagnar lýtur að því að styrkja frekar í sessi upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi, og kveða á um að brot gegn þeirri skyldu varði ráðherraábyrgð. Hagsmunasamtök heimilanna telja að til þess að Alþingi geti rækt eftirlitshlutverk sitt með framkvæmdavaldinu sé nauðsynlegt að tryggja aðgang að réttum upplýsingum sem geta haft þýðingu fyrir afgreiðslu mála á Alþingi. Þetta markmið er í samræmi við kröfur samtímans um aukid gegnsæi og ábyrga stjórnarsýsluhætti, og samrýmist jafnframt áherslum Hagsmunasamtaka heimilanna. Með hliðsjón af því styðja samtökin frumvarp þetta og mælast til þess að það verði samþykkt.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Pálmey Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi
Austurstræti 14, 101 Reykjavík, Iceland
info@immi.is / <http://www.immi.is>



Nefndasvið Alþingis

28. okt. 2015

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi, ítrekar fyrri umsögn við frumvarpið frá síðasta þingi.

Stofnunin fagnar því að fram er komið frumvarp um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra. Meðal markmiða stofnunarinnar eru styrking tjáningarfrelsis, traustari stoðir lýðræðis, gegnsæi og aðhald á stjórnvöld. Markmið frumvarpsins er að festa upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi betur í sessi og myndi samþykkt frumvarpsins einnig hafa jákvæð áhrif fyrir gegnsæi og upplýsingarétt almennings, þar er ráðherra væri skylt að skýra þinginu satt og rétt frá; ekki einungis á lokuðum nefndarfundum heldur einnig úr ræðustól Alþingis, í skriflegum svörum við fyrirspurnum, skýrslum o.s.frv. IMMI mælir því eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt og lýsir furðu yfir því að þessi breyting hafi ekki verið gerð að lögum um ráðherraábyrgð fyrir.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd IMMI,

Guðjón Idir Guðnýjarson
Framkvæmdastjóri IMMI